

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/801**2019/EES/86/22****frá 17. maí 2019****um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á ein- og tvíglýseríðum af fitusýrum (E 471) á tiltekin fersk aldin (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ⁽²⁾, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Ein- og tvíglýseríð af fitusýrum (E 471) er matvælaaukefni sem er leyft í ýmis matvæli í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 4) Hinn 17. febrúar 2017 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun á ein- og tvíglýseríðum af fitusýrum (E 471) á öll fersk aldin og grænmeti. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 5) Ein- og tvíglýseríð af fitusýrum (E 471), þegar það er notað sem húðunarefni til yfirborðsmeðferðar á ferskum aldinum og grænmeti, myndar þunnt, óhvarfjarn og áþreifanlegt varnarlag gegn rakatapi og oxun til að vernda næringarfræðileg gæði og auka geymsluþol. Samkvæmt umsækjanda myndi tillögð notkun mæta aukinni eftirspurn eftir því að ferskvörur séu til árið um kring, draga úr matarsóun og bæta skilvirkni nýtingar náttúruauðlinda í landbúnaðarframleiðslu með minna tapi og notkun flutningsaðferða með minni losun koltvísýrings.
- 6) Starfshópur sérfræðinga stjórnvalda um aukefni fjallaði um umsóknina. Starfshópurinn tók fram að fyrir hendi sé tæknileg þörf, einkum að því er varðar yfirborðsmeðhöndlun á tilteknum aldinum sem eru aðallega flutt inn frá löndum með hitabeltisloftslag og sem þarf að verja í flutningum sem taka langan tíma. Hýðis af þessum aldinum er yfirleitt ekki neytt.
- 7) Hinn 10. nóvember 2017 birti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) vísindalegt álit þar sem öryggi ein- og tvíglýseríða af fitusýrum (E 471) sem matvælaaukefni ⁽³⁾ var endurmetið. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á tölugildum fyrir ásættanlega, daglega inntöku og að matvælaaukefnið ein- og tvíglýseríð af fitusýrum (E 471) skapaði ekki öryggisvanda við tilgreinda notkun og notkunarmagn. Slík niðurstaða á við um efni sem skapa mjög lítinn öryggisvanda og einungis ef fyrir hendi eru áreiðanlegar upplýsingar um bæði váhrif og eiturrif og mjög ólíklegt er að efnið hafi skaðleg áhrif á heilbrigði manna í skömmtum sem valda ekki næringarójafnvægi hjá dýrum ⁽⁴⁾. Hins vegar mælti Matvælaöryggisstofnunin með nokkrum breytingum á nákvæmum skilgreiningum ESB fyrir matvælaaukefnið ein- og tvíglýseríð af fitusýrum (E 471). Framkvæmdastjórnin mun fjalla um þessar ráðleggingar á aðskilinn hátt á grundvelli almennrar nálgunar hvað varðar álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem greint hefur verið frá ákveðnum áhyggjuefnum ⁽⁵⁾.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 132, 20.5.2019, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 220/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

(3) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(11), 5045.

(4) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014, 12(6), 3697, „Statement on a conceptual framework for the risk assessment of certain food additives re-evaluated under Commission Regulation (EU) No 257/2010“.

(5) <https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/safety/docs/fs-improv-approach.pdf>

- 8) Að auki er fyrirhugað að nota ein- og tvíglýseríð af fitusýrum (E 471) til yfirborðsmeðhöndlunar og ekki er búist við því að þau berist í ætan hluta aldinanna. Ekki er líklegt að meðhöndlun aldina með hýði, sem yfirleitt er ekki neytt, hafi áhrif á heilbrigði manna. Því er rétt að leyfa notkun ein- og tvíglýseríða af fitusýrum (E 471) á tiltekin aldin sem eru aðallega flutt inn frá löndum með hitabeltisloftslag/heittemprað loftslag og eru með hýði sem er yfirleitt ekki neytt, þ.e. sítrusávextir, melónur, ananas, bananar, papæjualdin, mangó, lárperur og granatepli.
- 9) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á ein- og tvíglýseríðum af fitusýrum (E 471) á sítrusávexti, melónur, ananas, banana, papæjualdin, mangó, lárperur og granatepli telst vera uppfærsla á þeirri skrá sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 10) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. maí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Á eftir færslunni fyrir E 464 í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er eftirfarandi nýrri færslu bætt við í matvælaflokki 04.1.1 „Heil fersk aldin og grænmeti“:

„E 471	Ein- og tvíglýseríð af fitusýrum	<i>eftir þörfum</i>	Einungis til yfirborðsmeðferðar á sítrusávöxtum, melónum, ananas, banönum, papæjaldinum, mangóum, lárperum og granateplum“
--------	----------------------------------	---------------------	--